

LOKI

HÓTELBÓKUNARKERFI

fullkomin yfirsýn á rekstri hótelsins á einum stað



fullkomið hótélbókunarkerfi sem skilar þér meiri arði

Einföld uppsetning

Starfsfólk verður lítið vart við uppsetningu kerfisins því það raskar ekkert því kerfi sem er í notkun núna.

Það er engin þörf á tæknimanni á staðinn til að setja kerfið upp, því það er allt gert á einum stað í gegnum Netið.

Það er engin þörf á uppsetningu kerfisins í borðtölvum og er uppsetningartíminn aðeins um 1 dagur.

Það er engin þörf á tæknimanni í hús til þess að gera breytingar eða uppfærslur.

Allar uppfærslur gerast miðlægt hjá Xodus ehf.

Þægilegt viðmót

Viðmótið er svo einfalt og gegnsætt að nýr starfsmaður

getur sest beint fyrir framan kerfið og byrjað strax að skrá gesti.

Í stað flýtihnappa getur notandinn kallað fram

allar upplýsingar um gesti með einum músarsmelli. Viðmótið er hannað með auðvelt aðgengi í huga og þess vegna fljótlegt og auðvelt að slá inn upplýsingar. Notendur eru einnig mjög fljótir að læra á kerfið þar sem viðmótið er myndrænt og notast við litakerfi sem auðveldar allan innslátt, vinnslu og aðgreiningu á gestum.

Til að auðvelda notkunina enn frekar þá er hægt að virkja svokallaða pop-up glugga þar sem lýsing og staða á gesti birtist þegar músarbendill er færður yfir nafn hans. Allt viðmót LOKA er á ensku.

Meiri sparnaður

Notkun kerfisins hefur í för með sér umtalsverðan sparnað vegna þess að kerfið er á miðlægum vefþjón. Það eina sem skráður notandi þarf til að hafa fullan aðgang að kerfinu er tölva og nettenging. Með notandanafni og lykilorði hefur þú aðgang að kerfinu hvar sem þú ert staddur í heiminum.

Minni fyrirhöfn

Kerfið inniheldur og gefur upp allar upplýsingar fyrir Hagstofuskýrslu. Auðvelt er að sjá stöðu hótels fram í tímann og aftur í tímann. Allir samningar við ferðaskrifstofur eru inni í kerfinu og tengjast sjálfvirkt inn í verðlagningu á gistirými og þjónustu. Sýnir nýtingu per. ferðaskrifstofu, hve mikið no-show, hve mikið afturkallað o.s.frv.



Einfaldari reikningagerð

Reikningagerð og reikningsútskrift er einföld og auðskiljanleg. Hægt er að skipta upp reikningum milli gesta í allt að 4 hluta pr. herbergi.

Einfaldari uppfærslur

Allar uppfærslur og breytingar á kerfinu hafa engin áhrif á notendur því allar uppfærslur fara aðeins fram á vefþjónum Xodus ehf.

meiri þjónusta með minni tilkostnaði

Bókanir

LOKI byggir á svokölluðum Rekka, en þar má sjá öll herbergi hótelsins á forsiðu LOKA. Mjög einfalt og fljótlegt er að bóka bæði einstaklinga sem og hópa í kerfið. Hægt er að bóka einstakling beint inn á herbergi sem og á biðlista. Það sama á við um hópabókanir. Viðmót LOKA er mjög þægilegt þegar kemur að hópabókunum, starfsmaður hótels flettir upp umbeðinni dagsetningu og sér þá strax hvort herbergi séu laus á tilteknum tíma. Ef engin herbergi eru laus má setja bæði hópa og einstaklinga á biðlista. Einnig sjást allt að 14 dagar í kringum valda dagsetningu.

Öryggi

Hægt er að læsa aðgang að LOKA við vistföng (ip tölur) Greiðslukortafyrirtækin hafa sett kröfur um að fyrirtæki sem meðhöndla kortaupplýsingar skuli vera PCI öryggisvottuð. Xodus ehf er eitt fárra íslenskra fyrirtækja sem hefur hlotið PCI vottun.

Dæmi um möguleika

Útprintun Hagstofuskýrslu. Herbergjanýting eftir tímabilum á grafískan hátt. Samningar, mögulegt er að sjá sögu ferðaskrifstofa með samning, hve margar bókanir hafa verið gerðar, hve margir gestir komu, hve margir hættu við, hve margir komu ekki ofl.

Dæmi um möguleika

Velta, hægt er að skoða veltu einstakra eininga innan fyrirtækisins eftir tímabilum. 7% og 24,5% virðisaukaskattsþrep eru sýnd aðskilin. Greiðslumáti, hægt er að kalla fram skýrslu sem sýnir alla greiðslumáta s.s. Eurocard, VISA, staðgreitt osfrv. Reikningar, hægt er að skoða alla reikninga sem skrifaðir / bókaðir hafa verið í LOKI. Minibar, hægt er að skilgreina vörur í mini-bar og setja inn verð með hverri vöru.

Herbergjalisti, færð eru inn í stjórnunarhluta öll herbergi eignarinnar og herbergin skilgreind, s.s. single, double, sími, sturta osfrv.

Herbergjaverð er skilgreint í stjórnunarhluta kerfisins eftir tímabilum og uppfærir LOKI sig sjálfvirkt eftir tímabilum sem áður hafa verið skilgreind. Ferðaskrifstofur, LOKI býður upp á samningargerð við ferðaskrifstofur og aðila í ferðageiranum, skilgreindar

eru frátekningar, verð, afslættir, tengiliðir ofl. Vörur, hægt er að færa inn sértækar vörur í LOKI, s.s. umslög, póstkort og fleira sem koma fram í vörukaupakerfi LOKI. Tölfræðiþjónn er í LOKI, heldur tölfræðiþjónn utan um notkun á kerfinu, hverjir eru að nota kerfið, hvar eru þeir staddir osfrv.

Tæknilegar upplýsingar

LOKI er skrifaður í C# ASP.NET frá Microsoft og keyrir á Microsoft SQL 2000 gagnagrunni. Öll gögn LOKI eru afrituð 1 sinni á sólarhring og eru gögn geymd í 7 daga.





einfalt og öruggt á viðráðanlegu verði

LOKI hótélbókunarkerfið er smíðað og hannað af Xodus ehf.
LOKI hefur verið í notkun á ýmsum hótelum á Íslandi frá árinu 2002 og er sífellt verið að þróa, bæta og efla kerfið.

Allar nánari upplýsingar í síma 517-1780 og á www.xodus.is

